# 3.
# ÁRSÞING

*ÁRSSKÝRSLUR OG REIKNINGAR*

空

**KARATESAMBAND ISLANDS**

手

# Árskýrsla Karatesambands Íslands
## 7. desember 1986.

Á 2 ársþingi KAI sem haldið var 24. nóvember 1985 voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórn fyrir starfsárið 1985-1986.

| | |
|---|---|
| Formaður | Karl Gauti Hjaltason |
| Varaformaður | Ævar Þorsteinsson |
| Ritari | Stefán Alfreðsson |
| Gjaldkeri | David Haralds |
| Fundaritari | Gestur Skarphéðinsson |
| Varastjórn; | Gísli Pálsson |
| | Árni Einarsson |
| | Kristín Einarsdóttir |
| Endurskoðendur; | Hjalti Kristjánsson |
| | Gestur Skarphéðinsson |
| Karatedómstóll; | Karl Gauti Hjaltason |
| | Hannes Hilmarsson |
| | Atli Erlendsson. |

Stjórn KAI. hélt yfir 20 stjórnarfundi á tímabilinu, fyrir utan ýmsa starfsfundi td. fyrir Íslandsmeistaramót ofl. sjá yfirlit annarstaðar í skýrslunni, um mætingu stjórnarmanna. Í mars sagði Ævar sig úr stjórninni vegna persónulegra á-stæðna og tók þá Gísli Pálsson sæti hans.

Seinna um vorið settist Árni Einarsson í sæti Stefáns Alfreðssonar sem fór til vinnu úti á landi. Atli Erlendsson sem ráðinn var landsliðsþjálfari snemma árs sat fjölda funda með stjórninni.
Karl Gauti Hjaltason sat sambandsstjórnarfund ÍSÍ í maí og Stefán Alfreðsson sat sem fulltrúi KAI á íþróttaþingi í september.

Misjöfn mæting hefur verið á stjórnarfundi og hafa verkefni því ekki gengið eins vel og skyldi, það vantar tilfinnanlega dugandi menn í nefndir, en engar nefndir voru skipaðar á tímabilinu, vegna þess að þegar átti að fara að vinna að því var þáttaka engin og gafst stjórnin upp á því. Nauðsynlegt er að hægt verði að finna menn til að starfa í nefndum næsta starfstímabil, til þess að vinnan lendi ekki um of á fáum stjórnarmönnum.

Að mínu áliti er þó nokkuð í land til þess að við náum upp þróuðum vinnubrögðum í stjórninni en allt er þetta í áttina.

Nokkrar reglugerðir hafa verið samþykktar í stjórninni á tímabilinu og verða þær lagðar fyrir ársþingið.

Verulegum erfiðleikum hefur reynst bundið að þýða keppnisreglur í karate, sem ættu fyrir löngu að vera komnar út. Ástæðan er ekki sú að ekki finnist sá karatemaður sem getur snúið þessum reglum yfir á móðurmálið, heldur hafa reglurnar velkst fram og til baka manna á milli, en engin gefið sér tíma til að klára verkið.

## Stjórnarfundir KAI.

Hér er yfirlit yfir mætingu stjórnarmanna á þeim fundum sem við fundum skýslur yfir á tímabilinu.

Hlé var gert mest allt sumarið en starfsemin hefur verið nær óslitin að öðru leyti.

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | Mæting. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KGH | X | X | X | 0 | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X | 14 |
| DH | X | X | X | X | X | 0 | X | X | 0 | X | 0 | X | 0 | 0 | 0 | 9 |
| GS | X | 0 | 0 | 0 | 0 | X | 0 | 0 | 0 | X | 0 | X | X | X | X | 7 |
| ÆÞ | X | X | X | 0 | X | 0 | X | X | X | e | e | e | e | e | e | 7 |
| SA | X | X | X | X | X | X | X | 0 | X | e | e | e | e | e | e | 8 |
| GP | e | e | e | e | e | e | e | e | e | e | X | X | X | X | X | 5 |
| ÁEI | 0 | 0 | X | 0 | 0 | 0 | 0 | X | X | X | X | X | X | X | X | 9 |
| AE | 0 | 0 | X | 0 | 0 | 0 | 0 | X | X | X | 0 | X | X | X | X | 8 |
| KEI | X | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | X | 0 | 0 | 0 | 2 |
| AÐRIR | 0 | 0 | 0 | X | X | X | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | X | X | 0 | 0 | |

KGH: Karl Gauti Hjaltason, formäður
DH: David Haralds gjaldkeri
GS: Gestur Skarphéðinsson, fundarritari
ÆÞ: Ævar Þorsteinsson, varaformaður
SA: Stefán Alfreðsson, ritari
GP: Gísli Pálsson, varam.
ÁEI: Árni Einarsson, varam.
AE: Atli Erlendsson, landsliðsþjálfari
KEI: Kristín Einarsdóttir, varam.

X: mætt.
0: ekki mætt.
e: hætt í stjórn.

KARATEANNALL FRA SIÐASTA ARSÞINGI:

Ohætt er að segja að karatelíf hérlendis verður alltaf viðburðarríkara með hverju árinu sem líður. Framfarirnar hafa verið geysilegar td. frá 1980, þegar haldin voru tvö mót og þótti mikið. Nú eru haldin ýmis konar mót allan veturinn og nú frá nóvemberbyrjun hafa 5. mót verið á dagskrá.

Sjálfsagt líður þó enhver tími þangað til á fjörur okkar rekur stórviðburð á við NM í Reykjavík 1985.

Eftir síðasta ársþing hefur eftirfarandi drifið á daga karatefólks.;

21. desember 1985 var haldið innanfélagsmót KFR í Lauganesskóla, þar var keppt í þremur aldursflokkum KATA og í einum flokki KUMITE.

Karatemaður ársins 1985, Arni Einasson KFR, var ásamt íþróttamönnum úr öðrum greinum heiðraður af íþróttablaðinu skömmu fyrir jólin. Sat hann ásamt formanni KAI kvöldverðarhóf í boði ISI að því tilefni.

Snemma í janúar 1986 var Atli Erlendsson ráðinn landsliðsþjálfari til eins árs. Fráfarandi landsliðsþjálfari, Olafur Wallevik hafði sagt upp störfum frá og með NM 1985. Olafur hafði reynst rétti maðurinn til þess að byggja upp landslið í nýrri og vaxandi íþróttagrein hérlendis og koma því af stað erlendis. Atli Erlendsson hefur eins og alltaf má búast við breytt fyrirkomulaginu við stjórnun landsliðsins og þó aðallega við val í liðið og hópinn. Að mínu mati eru þessar breytingar til góðs, og hafa leitt til es þess að virðing hefur aukist á landsliðinu. Arangur liðsins hefur einnig verið góður á liðnu ári, og er skemmst að minnast á sigur okkar á N-Irum.

Vormót Shotokan karatefélaganna var haldið í febrúar og var að venju sniðið fyrir þá yngri og lægra gráðaða. Mikil þátttaka var á mótinu og fór það vel fram.

Ingo De Jong kom í heimsókn til Goju-Ryu manna og hélt æfingabúðir í nokkra daga. Ingo kemur nokkuð reglulega tvisvar til þrisvar á ári til landsins.

Erich Busch dvaldi í viku við kennslu í hinum ýmsu Shotokan félögum, þetta er í annað sinn sem Busch kemur hingað til lands. Nú fylgdi honum einn nemandi hans.

Islandsmeistaramótið 1986 fór fram 23. mars og var í Laugardalshöllinni. Ekki reyndist unnt að fá hingað til lands alþjóðlegan dómara, eins og til stóð. KAI hafði samband við Dómaranefnd EKU mjög tímanlega fyrir mótið, eða nánar tiltekið í desember, en svar barst ekki fyrr en rétt fyrir mótið og var þá málinu vísað á aðrar hendur. Að sjálfsögðu var þá alltof seint að byrja allt uppá nýtt síðustu klukkustundirnar fyrir mótið og var brugðið á gamalkunnugt ráð, þ.e. að fá Olaf Wallevik hingað upp á Frón til að hlaupa í skarðið. Það tókst og mótið fór fram, en mikið hrjáðu gömlu

verkirnir mótshaldið, þ.e. Dómaraleysi og vanþjálfun þeirra, vöntun starfsfólks og síðast en ekki síst slæm hegðan keppenda og þá þeirra sem voru að horfa á aðrar glímur. Þetta er ljótur blettur á mótshaldi hér á landi og sting ég upp á því að við sameinumst öll í því að útrýma þessum göllum sem fyrst.

19. apríl var haldið Goju-Meistaramót á Hvolsvelli. Keppendur voru um 50 frá öllum Goju-félögunum.

Fyrsta HSK-mót í Karate var haldið á Selfossi 27. apríl og voru keppendur frá Selfossi og Hvolsvelli. Mótið var jafnt og keppendur margir frá báðum félögum. Ráðgert er að framhald verði á mótshaldi þessu.

EM 1986 í Madrid. Ísland sendi þrjá keppendur að þessu sinni og er þetta í annað sinn sem við erum með á EM. Þeir sem fóru voru Atli Erlendsson þjálfari og keppti einnig, Arni Einarsson og Ævar Þorsteinsson. Arni Einarsson sýndi það nú að það hafði ekki verið nein heppni að hann hlaut 10. sæti á EM 1985, því nú hreppti hann 11. sæti í Kata. Þetta er vitaskuld frábær árangur hvernig sem á það er litið.

Æfingabúðir Erlendis. Félagar úr Karatefélögunum hafa sumir hverjir farið utan til þátttöku í æfingabúðum. A árinu hafa td. þónokkrir félagar úr KFR farið til Svíþjóðar á æfingabúðir með Ingo De Jong. Breiðabliksþjálfarar héldu í Skotlandsför í mars og æfðu með Gerry Flemming. Tveir félagar úr Karateskólanum fóru til Lancaster á Englandi á tveggja vikna æfingabúðir undir stjórn margra af bestu Shotokan þjálfurum Bretlands.

Fullgildir meðlimir í EKU. I lok ágúst barst okkur sú tilkynning frá EKU, Evrópusambandinu, að Ísland væri nú fullgildur aðili að sambandinu, en hingað til höfðum við aðeins aukaaðild. Það sem við fáum með þessu er td. allar upplýsingar um mót og annað sem er að gerast í Evrópu og auðvitað er okkur opin þátttaka á EM, en það hefur hingað til þurft að samþykkja okkur inn á hvert EM fyrir sig.

Skrifstofa KAI. I lok sumars fengum við loksins skrifstofu í húsakynnum ISI. Hún er staðsett á 1.hæð í Miðhúsinu og deilum við herbergi með Skotsambandinu og Siglingasambandinu. Karatefólk er að sjálfsögðu alltaf velkomið að líta inn á skrifstofuna á nánar auglýstum skrifstofutíma. Einnig er félögum bent á að hægt er að halda fundi og námskeið á skrifsstofunni. Stjórnarmenn KAI hafa einir lykil af aðstöðunni.

Húsgögn á skrifstofu. I nóvemberbyrjun voru keypt húsgögn á skrifstofuna. Sameiginlega keyptum við með Skot- og Siglingamönnum fundarborð og átta stóla, en KAI festi einnig kaup á skáp undir möppur og annað dót, sem hingað til hefur verið á flakki á milli stjórnarmanna. Einnig voru fest kaup á skrifborði, sem var notað og fékkst á kjaraverði.

Íþróttaþing. Íþróttaþing var haldið í byrjun september. Frá KAI mætti á þingið Stefán Alfreðsson.

Mótaskrá KAI var send út í september og er þetta í fyrsta sinn sem Karatesambandið gerir áætlun fyrir mót vetrarins. Skráin var send öllum félögunum og til Fjölmiðla einnig. Ekki þarf að efast um hvað tilvera skrárinnar léttir mönnum störfin og eykur skilvirkni innan hreyfingarinnar. Öll karatefélögin ættu að auglýsa það með nokkrum fyrirvara, þegar mót eru á döfinni enhvers staðar í Karate, þannig að áhugasamir iðkendur geta fylgst með.

Fjölmiðlar. Samskipti KAI við fjölmiðla hafa verið með miklum ágætum á tímabilinu og hafa þeir yfirleitt brugðist vel við því sem er að gerast innan Karatehreyfingarinnar. Stundum hafa blöðin jafnvel gert íþróttinni góð skil, með löngum greinum um mót. Td. hefur unglingasíða Mbl. tvisvar gert Karatemótum skil á árinu, þ.e. Vormót SKSÍ og Innanfélagsmóti Stjörnunnar. Í blöðum hafa birst nokkur fjöldi greina um Karate og má nefna Morgunblaðið, Skinfaxa og UMSK-blað. Í næsta Íþróttablaði er svo að vænta umfjöllun um landslið Íslands í Karate. Ég held að við Karatemenn þurfum ekki að kvarta yfir blöðunum, enda höfum við ágætis samskipti við þau. Það eina sem má þar að finna er að blaðamenn eru almennt ófróðir um íþróttina og koma því sjaldan á mótin. Ljósmyndarar koma þó oft á mót og taka myndir og er það kannski því að þakka að KAI er eina sérsamband ÍSÍ sem velur úr bestu íþróttamyndina í sinni íþróttagrein.

Æfingabúðir KAI fóru fram í íþróttahúsi Digraness Kópavogi, dagana 10 til 11 október. Þjálfari var Atli Erlendsson. Góð þátttaka var frá Karatefélagi Reykjavíkur, en sömu sögu er ekki að segja um önnur félög, þó karateskólinn hafi mætt með allt sitt lið. Æfingabúðirnar voru til styrktar landsliðinu og KAI og því leiðinlegt hvað félögin tóku illa í að mæta á staðinn. Næst verður vonandi almenn þátttaka úr öllum félögunum.

Innanfélagsmót Stjörnunnar var haldið 26. október og er það líklega eina mótið á tímabilinu sem okkur vantar úrslit í ársskýrsluna.

Landskeppni við Skota og N-Íra var haldin í Glasgow 25. október og gerðum við þar góða lukku,: Unnum N-Íra 4-1 og sigruðum á opnu móti sem 6. frá hverju landi tóku þátt í. Við gerðum þó gott betur á því móti því okkar menn lengu í 1. 2 og 4. sæti. Þar voru að verki þeir Ólafur Wallevik, Ævar Þorsteinsson og Árni Einarsson. Ráðgert er að N-Írar komi hingað til lands næsta haust og keppi við okkur og reyni að hefna ófaranna í Glasgow.

Shotokan Æfingabúðir í Kata voru haldnar 31. okt til 1.nóv og mættu á staðinn 45. manns og sást þar glögglega að mæting frá sumum félögum getur verið mun betri heldur en á æfingabúðum KAI.

Ingo De Jong heimsótti Goju-félögin vikuna 1-6. nóvember og voru haldnar æfingabúðir í því sambandi.

UMSK-Mót 1986 var haldið 7. nóvember og unnu Breiðabliksmenn UMSK bikarinn af Stjörnumönnum eftir 4.ára veru í Ásgarði.

Shotokan-Meistaramót 1986 var haldið 13. nóvember og sigraði Þórshamar í flestum greinum.

NM 1986 í Helsinki var haldið 22. nóvember og fóru fimm manns út til keppni og einn Dómari. Ísland stóð sig vel og hlutum við þrjú brons, sem okkar besti árangur hingað til. Undirritaður fór sem dómari með í förina og fékkst þar að mínu mati góð reynsla. Sjá nánar um förina annar staðar í skýrslunni.

KFR-Mót fór fram 29. nóvember í Baldurshaga. Líklega er þetta elsta Karatemót hérlendis, þó engar upplýsingar liggji fyrir um KFR-mót undanfarin ár, en mig rekur minni til þess að slíkt mót hafi farið fram á árinu 1977.

Fyrsta Reykjavíkurmótið fór fram með prompi og pragt 2. desember og áttust þar við Reykjavíkur félögin KFR og KFÞ. KFR sigraði óvéféngjanlega á mótinu. Mót þetta kenndi okkur mikið um hvernig mótanefnd á ekki að vera og væri óskandi að málunum verði komið í betra stand fyrir næsta Reykjavíkur mót að ári. Það var tilvalið að byrja á mótshaldi þessu á 200.ára afmæli Reykjavíkurborgar.

Karl Gauti Hjaltason.

## INNANFÉLAGSMÓT KARATEFÉLAGS REYKJAVÍKUR 1985

Innanfélagsmót Karatefélagsins 1985 var haldið í Lauganesskóla 21. des. Þar voru mættir keppendur á öllum aldri. Keppt var í kata barna, unglinga, fullorðina og kumite fullorðina.
Í verðlaun voru veglegir farandgripir sem nokkur fyrirtæki gáfu, fyrir utan hefðbundnar metalíur.
Fyrst var keppt í kata barna. Þar voru margir líklegir sem æft höfðu undir stjórn Jónínu Olesen og Gest Skarpéðinssonar. Sigurður Arnar Jónsson sló í gegn er hann steig fram ákveðið og tilkynnti Taikyoku Jodan. Hann var greinilega mættur þarna til þess að sigra sem hann og gerði. Í 2. sæti varð Unnar Snær og 3. Bergþór. Allir keppendur sýndu ótrúlega leikni þótt ungir væru að árum (7-12 ára).
Í unglingaflokki voru menn ekki síður ákveðnir og allir stefndu á sigur eins og vera ber. Eftir tvísýna keppni varð Ragnar Ingi hlutskarpastur en Davíð varð annar. Báðir sýndu Taikyoku Kakeuke og Taikyoku Gedan. Örlygur varð þriðji.
Því næst var kata fullorðinna. Þar var Sigurjón efstur með Gekisai en ýmsir sögðu að Halldór hefði ekki verið síðri nema síður sé. Ólafur varð þriðji en hann stóð sig frábærlega vel á mótinu.
Þá var komið að kumite. Þar gerðist ýmislegt óvænt. Fyrst tókst Halldóri að tapa snemma en fyrirfram var hann álitinn einna sigurstranglegastur. Hann var svo óheppinn að hann komst ekki einu sinni í uppreisnarflokkinn.
Aður nefndur Ólafur var duglegur og notaði einfalda tækni sem dugði vel. Hann varð þó að láta í minni pokann fyrir reyndari keppenda en hann kom mest á óvart og hefði vel ðatt skilið verðlaunasæti. Konráð varð í þriðja sæti e.t.v. vegna þess að hann var rændur einu stigi af dómara en svo sögðu sumir. Í 2. sæti hafnaði Einar eftir að hafa lumbrað á Sigurjóni eða var það öfugt? Sigurjón vann því tvöfalt.
Ólafur fékk viðurkenningu fyrir áhrifaríkustu tækni á mótinu, en ef velja hefði átt mann mótsins hefði það örugglega orðið Sigurður Arnar.

ÚRSLIT:

Kata barna (yngri en 12 ára)

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Sigurður Arnar Jónsson | 9. kyu | T. Jodan |
| 2. | Unnar Snær Bjarnason | 8. kyu | T. Jodan |
| 3. | Bergþór Jakobsson | 9. kyu | T. Kakeuke |

Kata unglinga (12-16 ára)

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Ragnar Logi Magnason | 9. kyu | T. Kakeuke/Gedan |
| 2. | Davíð Sigurþórsson | 9. kyu | T. Kakeuke/Gedan |
| 3. | Örlygur Jakobsson Smári | 9. kyu | T. Kakeuke |

Kata fullorðina

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Sigurjón Gunnsteinsson | 5. kyu | Gekisai |
| 2. | Halldór Svavarsson | 5. kyu | Gekisai |
| 3. | Ólafur Helgi Hreinsson | 8. kyu | Gekisai |

Kumite

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Sigurjón Gunnsteinsson | 5. kyu |
| 2. | Einar B. Þorsteinsson | 8. kyu |
| 3. | Konráð Stefánsson | 6. kyu |

Stefán Alfreðsson

## Vormót Shotokan Karatefélaganna 1986.

Vormót SKSÍ fór fram sunnudaginn 16. febrúar 1986 í Hagaskóla. Að venju var mótið sniðið fyrir lægra gráðaða og yngri aldursflokkana. Gífurleg þátttaka var á mótinu, eða 68 keppendur frá fimm félögum.; Karatefélaginu Þórshamri, Karateskólanum í Rvík, UMF Selfoss, Karatedeild Gerplu og Karatedeild Breiðabliks.
Fyrsta vormótið var haldið 1981, og er þetta því eitt elsta mótið hér á landi.

### Helstu úrslit.:

#### Kata Barna-(10-11. ára)

1. Kolbeinn Stefánsson Þórsh.
2. Ingólfur Snorrason Self.
3. Eyjólfur Kristinss. Gerplu
4. Árni Valgarðss. Þórsh.
5. Gauti Eggertss. Þórsh.

(10. kepp)

#### Kata Unglinga-(12-13. ára)

1. Árni G. Róbertsson Self.
2. Magnús Guðlaugss. Þórsh.
3. Þórarinn Kristins. Þórsh.
4. Birgir Jónsson Gerplu
5. Yasmín Björnsdóttir Þórsh.
6. Sig. Traustason Self.

(13. kepp.)

#### Kata Táninga-(14. ára)

1. Eyþór Østerby Self.
2. Magnús Eyjólfss. Gerplu
3. Finnur Guðjónsson Gerplu
4. Tryggvi Svansson Breiðabl.
5. Valgarður Bragas. Breiðabl.

(11. kepp.)

#### Kata Byrjenda - Kvenna.

1. Erna Erlendsdóttir Gerpla
2. Hjördís Erlendsdó. Gerpla
3. Svava Sigurbjörnsd. Gerpla
4. Steina Sigurjónsd. Þórsh.
5. Brynja Bergsveinsd. Self.

(7. kepp.)

#### Kata Byrjenda - Karla.

1. Birgir Vignisson Gerplu
2. Gunnar P. Jónsson Þórsh.
3. Vilhelm Sigurjónss. Þórsh.
4. Þórarinn Pálsson Þórsh.
5. Randver Edvald Kskól.

(9. kepp.)

#### Kumite Karla - Lægra gráðaðir.

1. Finnbogi Karlsson Kskól.
2. Birgir Vignisson Gerplu
3. Björgvin Snorrason Self.
4. Ívar Pálsson Breiðabl.

#### Kumite Karla - Hærra gráðaðir.

1. Ásm. Ísak Jónsson Þórsh.
2. Magnús Blöndal Þórsh.
3. Þorsteinn Einarsson Þórsh.
4. Guðjón Kristjánsson Þórsh.

#### Verðlaunaskiptingin.;

| Félag | Gull | Silf | Brons | Alls. |
|---|---|---|---|---|
| Gerpla | 2 | 3 | 3 | 8 |
| Þórsh. | 2 | 3 | 3 | 8 |
| Selfoss | 2 | 1 | 1 | 4 |
| Kskóli | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Breiðabl. | 0 | 0 | 0 | 0 |

Karla Gauti Hjaltason.

Íslandsmeistaramót 1986.

-65.kg Karlar

X

Eyjólfur Gunn Þórsh., 0
Arni Einarsson KFR 6

Sölvi Rafnss. Bald. 0
Arni Finars KFR 6

Arni Ein. KFR 5

Arni Einars KFR

Halldór Svavars. KFR 6
Agúst Østerby SKS 3

Halldór Sv. KFR 6

Gísli Pálsson UBK 3
Sigþór Markússon Þórs. 2

Gísli Páíss UBK 3

Halldór Sv. KFR 2

X Agúst Østerby SKS 4
Gísli Pálsson UBK 3

Agúst Østerby SKS 0
Sölvi Rafnsson B. 1

Sölvi Rafnsson Baldri

-73.kg Karlar

X

Finnbogi K. KSK 1
Einar Þorst KFR. 0

Finnbogi KSK. 6

Ísak Jónsson Þórs 6
Atli Erlends KFR 2

Ísak Jóns Þórs. 0

Finnbogi Karlsson
Karateskólanum.

X

Einar Þorsteins KFR 1
Atli Erlends KFR 7

Atli Erlendsson KFR

Islandsmeistaramót 1986.

- 80. kg Karla.

X

Víkingur S. KFÞ 2

Sigurjón KFR 0

Sigurjón Gunn KFR 3

Konráð Stefánsson
KFR

Einar K. Karlsson UBK 4

Einar Karls. UBK 1

Olafur Hreinsson KFR 3

Konráð St. KFR 1

KFR
Konráð Stefánsson 2

X

Víkingur Sig Þórsh. 1

Víkingur Sig Þórshamri.

Einar K. Karlss UBK 0

+ 80. kg Karlar.

X

Magnús Blöndal Þórs 2

Ævar Þ. UBK 5

Ævar Þorsteins UBK 6

Ævar Þorsteinsson
Breiðabliki

Helgi Jóh. Gerplu 1

Omar Iv. KFR 2

Omar Ivarsson KFR 6

X

Magnús Blöndal Þór 3

Magnús Blöndal Þórshamri

Helgi Jóhannes Ge 2

Íslandsmeistaramótið 1986.

Opinn Flokkur Karla.

X Gísli Pálsson UBK 2
Sigurjón Gunn KFR 3
Sigurjón Gunnsteins KFR

Atli Erl. KFR 6
Gísli Pálsson UBK 2
Sigurjón Gunnst. KFR 4
Finnbogi Karls. KSK 2
Ævar Þorsteins UBK 6
Magnús Blöndal Þórsh 0

Atli Erl. KFR 3
Sigurjón Gunn KFR 1
Ævar Þorsteins UBK 2
Árni Einarsson KFR 0

Atli Erl. KFR 6
Ævar Þorsteins UBK 4

Atli Erlendsson KFR.

X MaGNÚS Blöndal Þórsh. 3
Árni Einarsson KFR 6

Árni Einars KFR 6
Sigurjón Gunn KFR 0

Árni Einarsson KFR

Opinn flokkur kvenna.

X

Kristjana Sig. Gerplu 1
Elín Eva Grímsd. Þórsh 2
Kristín Einarsdó Gerplu 3
Ingibj. Júlíusd. Þórsh 0

Elín Eva Gr. Þórs 1
Jónína Olesen KFR 4
Kristín Ein. Gerpl 1
Rakel Steinar Ger 0

Jónína Oles KFR 2
Kristín Gerplu 3

Kristín Einarsdóttir Gerplu

X Ingibjörg Júl Þórsh. 2
Rakel Steinarsdó Gerp 0

Ingibj. Júl. Þórsh 0
Elín Eva Gr. Þórs 2

Elín Eva Grímsdóttir Þórshamri

ÍSLANDSMEISTARAMÓT KAI. flokkur.: Kata unglinga

# KATA.

23.03.1986.

| | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Nafn: Halldór N.Stefánsson | | s: | 6.7 | 7.4 | 6.6 | | A:20.7 | R:1 | 7.0 | 7.2 | 7.2 | | | 21.4 | 1 |
| | fél: Þórshamri | Kyu: | Kata: | Heian Yondan | | | | | | Kata: | Niju Shiho | | | | | |
| 2. | Kristjana Sigurðardóttir | | | 6.6 | 7.0 | 6.7 | | 20.3 | 2 | 6.5 | 7.0 | 7.4 | | | 20.9 | 2 |
| | Gerplu | | | Jion | | | | | | | Jitte | | | | | |
| 3. | Gísli Helgason | | | 6.7 | 6.7 | 6.5 | | 19.9 | 3 | 6.7 | 6.7 | 6.7 | | | 20.1 | 3 |
| | Stjörnunni | | | Gekisai | | | | | | | Taikyoku kakeuke | | | | | |
| 4. | Magnús F. Guðlaugsson | | | 6.6 | 6.7 | 6.3 | | 19.6 | 5-6 | 6.5 | 6.5 | 6.5 | | | 19.7 | 4 |
| | Þórshamri | | | Niju Shiho | | | | | | | Heian Godan | | | | | |
| 5. | Davíð Sigurþórsson | | | 6.5 | 6.6 | 6.5 | | 19.6 | 5-6 | 6.2 | 6.4 | 6.6 | | | 19.2 | 5 |
| | KFR | | | Taikyoku Kakeuke | | | | | | | Taikyoku Gedan | | | | | |
| 6. | Kolbeinn Stefánsson | | | 6 | 6 | 6 | | 18 | 11 | | | | | | A | R |
| | Þórshamri | 6.kyu | | Keian Santan | | | | | | | | | | | | |
| 7. | Magnús Eyjólfsson | | | 6.1 | 6.5 | 6.6 | | 19.2 | 7 | | | | | | | |
| | | | | Heian shodan | | | | | | | | | | | | |
| 8. | Eyþór Österby | | | 6.3 | 6.3 | 6.3 | | 18.9 | 9 | | | | | | | |
| | Selfoss | | | Tekki shocan | | | | | | | | | | | | |
| 9. | Örlygur Jakobsson Smári | | | 6.5 | 6.6 | 6.0 | | 18.1 | 8 | | | | | | | |
| | | | | Taikyoku kakeuke | | | | | | | | | | | | |
| 10. | Yasmin Björnsdóttir | | | 6.3 | 6.3 | 6.1 | | 18.7 | 10 | | | | | | | |
| | Þórshamar | | | Jitte | | | | | | | | | | | | |
| 11. | Sigurður Arnar Jónsson | | | 6.6 | 6.7 | 6.4 | | 19.7 | 4 | 6.6 | 6.5 | 6.6 | | | 19.7 | |
| | KFR | | | Taikyoku kakeuke | | | | | | | Taikyoku Jodan | | | | | |
| 12. | | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 13. | | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 14. | | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | |

ÍSLANDSMEISTARAMÓT KAI. flokkur.: Kata kvenna

# KATA.

23.03.1986.

| | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Nafn: Jónína Olsen | | s: 7,7 | 7,9 | 7,5 | | A: 23,1 | R: 1 | 7,7 | 7,6 | 7,4 | | | 22,7 | 1 |
| | fél: KFR | Kyu: | Kata: Seienchin | | | | | | Kata: Saifa | | | | | | |
| 2. | Kristín Einarsdóttir | | 7,6 | 7,7 | 7,4 | | 22,7 | 2 | 7,5 | 7,4 | 7,5 | | | 22,4 | 2 |
| | Gerpla | | Jihon | | | | | | Jitte | | | | | | |
| 3. | Ingibjörg Júlíusdóttir | | 6,7 | 6,7 | 6,7 | | 20,1 | 4 | 6,7 | 6,8 | 7,0 | | | 20,5 | 3 |
| | Þórshamar | | Heian jodan | | | | | | Jitte | | | | | | |
| 4. | Elín Eva Grímsdóttir | | 7,3 | 7,4 | 6,8 | | 21,5 | 3 | 6,6 | 6,5 | 6,7 | | | 19,8 | 4 |
| | Þórshamar | | Jihon | | | | | | Jitte | | | | | | |
| 5. | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | |
| 6. | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | |
| 7. | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | |
| 8. | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | |
| 9. | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | |
| 10. | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | |
| 11. | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | |
| 12. | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | |
| 13. | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | |
| 14. | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | |

ÍSLANDSMEISTARAMÓT KAI. flokkur.: Kata karla

# KATA.

23.03.1986.

| | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Nafn: Árni Einarsson | | s:8 | 8,4 | 7,9 | | | A:24,3 | R: | 8,0 | 8,1 | 7,8 | | | 23,9 | 1 |
| | fél: KFR | Kyu: | Kata: Seienchin | | | | | | | Kata: Saifa | | | | | | |
| 2. | Atli Erlendsson | | 7,8 | 8,2 | 7,7 | | | 23,7 | | 7,8 | 7,9 | 7,6 | | | 23,3 | 2 |
| | KFR | | Seienchin | | | | | | | Saifa | | | | | | |
| 3. | Sigþór Markússon | | 7,2 | 7,6 | 7,3 | | | 22,1 | 4 | 7,4 | 7,4 | 7,6 | | | 22,4 | 3 |
| | Þórshamri | | Jitte | | | | | | | Nijushiho | | | | | | |
| 4. | Halldór Svavarsson | | 7,3 | 7,5 | 7,1 | | | 21,9 | 5 | 7,1 | 7,1 | 7,2 | | | 21,4 | 4 |
| | KFR | | Saifa | | | | | | | Gekisai | | | | | | |
| 5. | Sölvi Rafnsson | | 6,8 | 7,3 | 6,6 | | | 20,7 | 9 | | | | | | | |
| | Baldri | | Taikyoku kakeuke | | | | | | | | | | | | | |
| 6. | Sigurjón Gunnsteins. | | 7,2 | 7,8 | 7,8 | | | 22,2 | | 0 | 0 | 0 | | | 0 | |
| | KFR | | Saifa | | | | | | | Gekisai | | | | | | |
| 7. | Helgi Johannesson | | 7,1 | 7,4 | 7,3 | | | 21,8 | 6 | | | | | | | |
| | Gerplu | | Jihon | | | | | | | | | | | | | |
| 8. | Ásm. Ísak Jónsson | | 7,1 | 7,5 | 6,9 | | | 21,5 | 7 | | | | | | | |
| | Þórshamri | | Empi | | | | | | | | | | | | | |
| 9. | Gestur Skarphéðinsson | | 6,8 | 7,3 | 7,1 | | | 21,2 | | | | | | | | |
| | KFR | | Saifa | | | | | | | | | | | | | |
| 10. | Ágúst Österby | | 0 | 0 | 0 | | | 0 | | | | | | | | |
| | | | Hangtsu | | | | | | | | | | | | | |
| 11. | | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 12. | | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 13. | | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 14. | | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | |

## HSK-MÓTIÐ Í KARATE

HSK-mót í karate 27. apríl 1986, haldið í íþróttahúsinu Selfossi, kl. 14.00 til 17.00.

Keppendur 28 af báðum kynjum og á aldrinum 7-53 ára. Keppt var í kata barna, kata unglinga, kata fullorðina, kumite unglinga og kumite fullorðina.

Dómarar: Atli Erlendsson, Stefán Alfreðsson og Ævar Þorsteinsson.
Starfsmenn: Gestur Skarphéðinsson og Halldór Svavarsson.

ÚRSLIT:

Kata barna (12 ára og yngri) 12 keppendur

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Ingólfur | Selfossi | 15,3/15,6 |
| 2. | Lárus Jónsson | Baldri | 15,3/15,4 |
| 3. | Magnús Jónsson | Baldri | 15,2 |
| 4.-5. | Sveinn K. Rúnarsson | Baldri | 15,1 |
| 4.-5. | Benedikt | Selfossi | 15,1 |
| 6. | Óskar Jónsson | Baldri | 14,9 |
| 7. | Snorri | Selfossi | 14,3 |
| 8. | Elín | Selfossi | 13,9 |
| 9. | Þórólfur | Selfossi | 13,8 |
| 10. | Hafsteinn | Selfossi | 13,4 |
| 11.-12. | Brynja | Selfossi | 13,3 |
| 11.-12. | Axel | Selfossi | 13,3 |

Kata unglinga (13-15 ára) 9 keppendur

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Hjalti Þorvaldsson | Baldri | 19,4 |
| 2. | Finnur B. Tryggvason | Baldri | 18,9 |
| 3. | Árni | Selfossi | 18,7 |
| 4. | Eyþór | Selfossi | 18,6 |
| 5.-6. | Sigmundur Rafnsson | Baldri | 18,5 |
| 5.-6. | Eysteinn Dofrason | Baldri | 18,5 |
| 7.-8. | Snæbjörn Rafnsson | Baldri | 18,4 |
| 7.-8. | Theodór Jónasson | Baldri | 18,4 |
| 9. | Atli Gunnarsson | Baldri | 18,1 |

Kata fullorðina (16 ára og eldri) 3 keppendur

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Ágúst Østerby | Selfossi | 22,7 |
| 2. | Sölvi Rafnsson | Baldri | 22,2 |
| 3. | Hálfdán Kristjánsson | Baldri | 21,1 |

Kumite unglinga (13-15 ára) 9keppendur

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Árni | Selfossi |
| 2. | Eysteinn Dofrason | Baldri |
| 3. | Finnur B. Tryggvason | Baldri |
| 4. | Snæbjörn Rafnsson | Baldri |

Kumite fullorðina (16 ára og eldri) 5 keppendur

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Sölvi Rafnsson | Baldri |
| 2. | Ágúst Østerby | Selfossi |
| 3. | Sigurþór | Selfossi |
| 4. | Rafn Rafnsson | Baldri |
| 5. | Hálfdán Kristjánsson | Baldri |

| | gull | silfur | brons | alls |
|---|---|---|---|---|
| Baldur | 2 | 4 | 3 | 9 |
| Selfoss | 3 | 1 | 3 | 7 |

Stefán Alfreðsson

UNGLINGAMEISTARAMÓT Í GOJU KAI KARATE 1986.

Unglingameistaramót í goju kai karate var haldið á Hvolsvelli 19. apríl síðastliðin. Mættir voru 47 keppendur á aldrinum 7 til 16 ára, frá 3 félögum; Karatefélagi Reykjavíkur, UMF Stjörnunni og UMF Baldri. Keppt var í blönduðum flokkum í kata og kumite. Keppendum var skipt í 3 aldursflokka 7-10 ára, 11-13 ára og 14-16 ára. Dómarar: Atli Erlendsson, Árni Einarsson og Stefán Alfreðsson.

Kata 7-10 ára

Þar sigraði Sigurður Arnar Jónsson KFR með Taikyoku Kakeuke. Skammt áhæla honum fylgdi Gylfi S. Gylfason KFR í annað sætið og Hermann P. Jónsson í þriðja.

Kata 11-13 ára

Þetta var fjölmennasti flokkurinn. Stjörnumaðurinn Gísli Helgason hneppti gullverðlaunin með stórgóðri Gekisai. Fast á hæla hans komu Arnar Orri Bjarnason KFR í annað sætið og Bergþór Jakobsson KFR í þriðja.

Kata 14-16 ára

